

MENNTAVÍSINDASVIÐ



NÝTT KENNARANÁM – MARGAR LEIÐIR

KENNSLA Í GRUNNSKÓLA



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Fjölbreytt nám, lifandi starf

Þeir sem kjósa kennaranám sækjast eftir fjölbreyttu námi og lifandi starfi sem færir þeim sífellt ný og mikilvæg viðfangsefni. Hver og einn fær góðan grunn til að byggja á en einnig tækifæri til sérhæfingar í samræmi við áhugamál sem stuðlar án efa að ánægju í starfi.

Kennaranemar eru fjölskrúðugur og skemmtilegur hópur en allir stefna þeir þó að sama marki: Að verða góðir fagmenn sem sinna uppeldi og menntun barna og unglinga – og stuðla þar með að uppbyggingu í samfélaginu.

Frá 1. júlí 2011 þarf meistaraþróf til að fá leyfisbréf til að starfa sem grunnskólakennari, samkvæmt nýjum lögum um kennara-menntun, og námstíminn verður fimm ár í stað þriggja. Með breytingunni verður menntunin haldbetri fyrir nýja kennara, sérhæfing sem býðst fjölbreyttari en áður og atvinnumöguleikar víðtækari. Á námsbrautinni **Grunnskólakennsla** geta nemendur valið tvö kjörsvið, t.d. sérhæft sig í tveimur kennslugreinum grunnskóla og aukið þar með valmöguleika sína og styrk á vinnumarkaði. Á námsleiðinni **Kennsla ungra barna í grunnskóla** má skipuleggja námið þannig að það veiti einnig heimild til starfa í leikskóla. Námsbrautin **Faggreinakennsla í grunnskóla** er hins vegar ætluð þeim sem vilja sérhæfa sig í einni kennslugrein grunnskóla og fá þeir jafnframt heimild til að kenna hana í byrjunaráföngum framhaldsskóla.

Fjölbreytni og metnaður einkenna nám í grunnskólakennarafræðum. Nemendur eru búnir undir kennslu í grunnskólum eða önnur leiðtoga- og stjórnunarstörf tengd kennslu. Í öllum námskeiðum er fléttað saman fræðilegri umfjöllun og áhugaverðum verkefnum sem tengjast verðandi starfsvettvangi, íslenska menntakerfinu. Kennslan fer að mestu fram í húsnæði Menntavísindasviðs við Stakkahlíð eða í listgreinahúsi við Skipholt. Vinnuaðstaða er góð, bókasafnið öflugt og andrúmsloftið vingarlegt.

Sérhæfing eftir áhugasviði

Áhersla er lögð á að hver nemandi geti mótað nám sitt eftir áhugasviði sínu. Nemendur í grunnskólakennarafræðum læra uppeldis- og kennslufræði og velja síðan mismunandi leiðir til sérhæfingar. Tólf kjörsvið eru í boði í grunnnámi eða B.Ed.-hluta námsins:

- » Erlend tungumál, enska og danska
- » Hönnun og smíði
- » Íslenska
- » Kennsla yngstu barna í grunnskóla
- » Matur, menning, heilsa
- » Myndmennt
- » Náttúrufræði
- » Samfélagsgreinar
- » Stærðfræði
- » Textílmennt
- » Tónlist, leiklist, dans
- » Upplýsingatækni og miðlun

Í meistaranáminu, eða M.Ed.-hlutanum, bætast nokkur námssvið við kennslugreinarnar en í þeim felst sérhæfing þvert á námsgreinar grunnskólans. Dæmi um námssvið eru mál og læsi, sérkennsla og fjölmenningarfræði.

- » Viltu kenna litlum börnum að lesa, fara út að rannsaka pöddur með tíu ára bekk eða syngja hástöfum með unglingum sem keppast við að setja upp roksöngleik? Viltu fræða um himingeiminn, leiða ljóðarapp, hvetja þitt fólk í stærðfræðikeppni eða stjórna skólakór?
- » Þá átt þú erindi í grunnskólakennaranám því við viljum mennta fólk sem hefur metnað, áhuga á að vinna með börnum og unglingum og er tilbúið til að vinna að þróun skólastarfs.

Sem fyrr segir snýst val nemenda í grunnskólakennarafræði um sérhæfingu í kennslugreinum eða á námssviðum grunnskóla en þeir hafa líka nokkurt frjálst val. Sem dæmi um valnámskeið má nefna:

- » Listir og fjölmening
- » Skapandi hugsun
- » Að bregðast við lestrarerfiðleikum
- » Leikir sem kennsluáðferð
- » Hljóðfæragerð og tónsköpun í skólastarfi
- » Útinám og útikennsla
- » Nám án aðgreiningar
- » Stjörnufræði
- » Þjóðsögur, goðsögur og ævintýri

Tengsl við starfsvettvang

Vettvangsnám er mikilvægur þáttur í kennaranámi. Hver nemandi fær sinn heimaskóla á öðru námsári, grunnskóla þar sem æfingakennsla og fjölbreytt verkefnavinna fer fram í nokkrar vikur á hverju skólaári. Verkefni tengjast sérhæfingu nemenda, námssviðum og

kennslugreinum grunnskóla eða þeim fjölmörgu uppeldislegu viðfangsefnum sem kennarar sinna. Vettvangsnámið er því einstakt tækifæri fyrir háskólanema til starfsþjálfunar á sínum framtíðarstarfsvettvangi, þjálfunar sem er samofið námi þeirra.

Skipulag námsins

B.Ed.-námið er þriggja ára fræðilegt og starfstengt 180 eininga grunnnám. Að því loknu hefur nemandi rétt til að sækja um tveggja ára fjölbreytt og spennandi 120 eininga meistaranám sem veitir réttindi til að sækja um leyfisbréf grunnskólakennara samkvæmt lögum nr. 87/2008 og reglugerð nr. 872/2009. Með sérstöku vali fær grunnskólakennari einnig heimild til kennslu í leik- eða framhaldsskólum. Miðað er við að nemendur sem hefja meistaranám hafi lokið grunnnámi með fyrstu einkunn.

Grunnskólakennaranámið er skipulagt sem staðnám og fjarnám með ákveðinni mætingaskyldu og vettvangsnámi til starfsþjálfunar. Nánari upplýsingar um skipan námsins eru í kennsluskra og á www.mennta.hi.is

Kennaranemar á fyrsta námsári segja:

- » *að kennarastarfið sé áhugavert og gefi möguleika á persónulegum þroska*
- » *kennarastarfið er áskorun því að það er örðugt viðfangsefni að sinna nemendum og foreldrum*
- » *að vera kennari felur í sér að vera nemendum sínum fyrirmynd*
- » *kennaranámið veitir viðtæka þekkingu*
- » *kennarar sinna starfi sem er samfélagslega mikilvægt*
- » *kennaramenntun veitir aðgang að fjölbreyttum störfum eða frekara námi*
- » *í kennaranáminu felst náíð samstarf við samnemendur*
- » *kennaranámið er áhugavert og áskorun í sjálfu sér!*

(ummæli nýnema í grunnskólakennaranámi í samnorðrenni könnun haustið 2009)

Atli Guðnason, brautskráður grunnskólakennari vorið 2010



„Ég valdi grunnskólakennarafræði því ég hef alltaf haft mikinn áhuga á stærðfræði og að vinna með fólki. Þetta samvinnuástand mjög vel í kennaranámi mínu á stærðfræðikjörsviði. Kennararnir eru frábærir og það er mikill kostur hversu persónuleg kennslan er á Menntavísindasviði og ég tel að það skili góðu fólki út í skólana.“

Velkomin í hóp grunnskólakennaranema!

MENNTAVÍSINDASVIÐ

Menntavísindasvið menntar kennara fyrir öll skólastig, uppeldis- og menntunarfræðinga, íþrótt- og heilsufræðinga, tómstunda- og félagsmálafræðinga og þroskaþjálfara. Við Menntavísindasvið er litið á nemendur sem samstarfsfólk og lögð áhersla á samvinnu og góð tengsl milli nemenda og kennara. Einkunnarorð sviðsins eru **Alúð við fólk og fræði**.

Á Menntavísindasviði eru þrjár deildir:

Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild

Kennaradeild

Uppeldis- og menntunarfræðideild

Í boði er fjölbreytt grunn- og framhaldsnám á eftirfarandi námsbrautum:

Grunnnám

Menntun ungra barna í leik- og grunnskóla B.Ed.

Grunnskólakennsla B.Ed.

Faggreinakennsla í grunnskóla B.Ed.

Kennslufræði fyrir iðnmeistara diplóma

Íþrótt- og heilsufræði BS

Tómstunda- og félagsmálafræði BA

Þroskaþjálfufræði BA

Uppeldis- og menntunarfræði BA

Meistaránám

Náms- og kennslufræði M.Ed., MA

Menntun ungra barna í leik- og grunnskóla M.Ed.

Grunnskólakennsla M.Ed.

Faggreinakennsla í grunnskóla M.Ed.

Kennsla í framhaldsskóla og háskóla diplóma, M.Ed.

Íþrótt- og heilsufræði M.Ed., MS

Tómstunda- og félagsmálafræði M.Ed.

Þroskaþjálfufræði MA

Menntastjórnun og matsfræði M.Ed., MA

Menntunarfræði M.Ed., MA

Nám fullorðinna M.Ed., MA

Sálfræði í uppeldis- og menntavísindum MA

Sérkennslufræði M.Ed., MA

Tengsl við starfsvettvang

Í öllum deildum er rík áhersla lögð á tengsl við væntanlegan starfsvettvang og nemendur fara í starfsþjálfun í skólum og öðrum stofnunum samfélagsins. Nám á Menntavísindasviði er ýmist staðbundið, fjarnám eða sveigjanlegt.

Umsóknir og inntökuskilyrði

Sótt er rafrænt um nám á www.hi.is. Umsækjendur þurfa að hafa lokið stúdentsprófi eða igildi stúdentsprófs. Sjá inntökureglur á www.mennta.hi.is.

Menntavísindasvið hefur aðsetur í Stakkahlíð, Skipholti og Bolholti í Reykjavík og á Laugarvatni.



HÁSKÓLI ÍSLANDS MENNTAVÍSINDASVIÐ

Stakkahlíð
105 Reykjavík

Sími 525 5950

menntavisindasvid@hi.is
www.mennta.hi.is